

ÁLYKTUN FRÁ LANDSFUNDI KVENNALISTANS
15.-17. NÓVEMBER 1991.

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi helgina 15.-17. nóvember 1991 mótmælir þeim niðurskurði á velferðarkerfinu sem boðaður er í hvitbók og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Framundan eru tímar mikilla breytinga og hugsanlega átök milli ýmissa hagmunahópa í þjóðféluginu.

Þær breytingar sem boðaðar hafa verið skipta konur afar miklu mæli.

Takist að koma þeim á verður stigið stórt skref aftur á bak sem mörög ár getur tekið að leiðréttu. Takist að koma í veg fyrir þær verður engu að síður að hefjast endurreisen sem stefnir í átt til aukins jöfnuðar, valddreifingar og nýsköpunar. Gera þarf viðtæka éestlun og hefja framkvæmdir við fjölbreytta atvinnusköpun sem byggir á auðlindakönnun. Efla þarf rannsóknir og leita eftir frumkvæði fólksins og síðast en ekki síst þarf að taka mið af stöðu kvenna á landsbyggðinni.

Konur gera kröfu um að taka þátt í stefnumótun og uppbyggingu þjóðfélagsins til jafns á við karla. Við viljum búa okkur og fjölskyldum okkar vænilegra samfélag, samfélag sem byggir á jöfnuði og réttlæti.

Í orði kveðnu er markmiðið með boðuðum breytingum í velferðarkerfinu að tryggja þeim þjónustu sem helst þurfa á henni að halda og láta þá greiða sem eru aflögufærir. Þetta markmið stenst ekki nénnari skoðun. Hugmyndir ríkisstjórnarinnar fela ekki í sér bætta nýtingu á fjármunum í þágu þeirra sem minnst hafa handa á milli, heldur beinan niðurskurð og aukinn tilflutning á kostnaði frá ríkinu yfir á neytendur. Eru það ekki síst barnafjölskyldur, aldraðir og fatlaðir sem verða fyrir barðinu á stefnu ríkisstjórnarinnar og kemur það m.e. fram í hærri lyfjakostnaði, þjónustugjöldum og skólagjöldum. Áætlað er að þessi gjöld nemi að meðaltali um 18 þúsund krónum á ári á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu.

Breytingar á velferðarkerfinu hafa mun meiri áhrif á líf og stöðu kvenna en karla. Því minni þjónustu sem velferðarkerfið veitir, þeim mun meira verða konur að leggja af mörkum. En þó að konur séu að mörku leyti háðar velferðarkerfinu, þá er ávinnungur atvinnurekenda af því líklega mestur. Velferðarkerfið hefur allá tið þjónað atvinnulífinu vel og dyggilega. Vegna tilvistar þess hafa atvinnurekendur ekki burft að gera gagngerar breytingar á skipulagi vinnunar og ekki burft að taka tillit til búsgörg starfsmanna sinna. Það er því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að þeir greiði verulegan hluta af rekstri þess en kostnaðinum sé ekki velt yfir á "neytendur" eins og núverandi ríkisstjórn hyggst gera.

Þjóðfélagsbreytingar undanfarinna ératuga hafa haft mun meiri áhrif á líf og stöðu kvenna en karla. Atvinnubátttaka kvenna hefur stóraukist og konur hafa tekið að sér sífellt fleiri verkefni sem áður voru á verksviði karla. Karlar hafa ekki að sama skápi fikrað sig inn í veröld kvenna og hvorki þeir, vinnumarkaðurinn né velferðarkerfið brugðist eins og þeim ber

við breyttum aðstæðum. Það er löngu tímabært að karlar sinni umönnun og velferð einstaklinganna ekki síður en konur og axli sina ábyrgð á velferð fjölskyldnanna í landinu.

Kvennalistinn leggur áherslu á að gerðar verði breytingar á velferðarkerfinu sem stuðli að aukinni tekjujöfnun og lagi kerfið betur að veruleika kvenna en nú er. Til þess að það geti orðið þurfa konur bæði að fá aukin völd í ríkiskerfinu og sem neytendur og veitendur velferðapjónustunnar. Mikilvægt er að konur ráði meiru um skipulag og innihald velferðarpjónustunnar en hún sé ekki háð duttlungum misviturra stjórnmálamanna. Í stað þess að einkavæða þarf að draga úr miðstýringu velferðarkerfisins og auka sveigjanleika þess og sjálfstæði rekstareininga s.s. í skóla- og dagvistarmálum og hvers kyns heilsugæslu. Nýrra úrræða er þörf á mörgum sviðum og konur verða að eiga frumkvæði að því að leita þeirra. Réttlát tekjutenging, sem byggist á því að flytja fjármuni frá þeim tekjuhæstu til hinna tekjulægstu, er konum til hagsbóta. Það er hins vegar tæpast hægt að ljá máls á tekjutengingu þegar að völdum situr ríkisstjórn sem virðist ætla að nota slika tengingu til þess eins að skera niður útgjöld ríkisins en ekki til að auka jöfnuð - nema þá niður á við.

Nái stefna ríkisstjórnarinnar í kjara - og velferðarmálum fram að ganga mun hún hafa í för með sér verulega kaupmiéttarskerðingu á næsta ári - ekki síst fyrir konur og aðra tekjulága hópa sem taka laun samkvæmt umsöndum töxtum og hafa engin tök á einstaklingsbundnum samningum. Þessari stefnu mótmælir Kvennalistinn enda þýðir hún í raun að fátæktin er kvengerð enn frekar en orðið er. Á Íslandi sem í öllum öðrum samfélögum, eru gamlar konur og konur sem einar sjá fjölskyldum sínum farborða, fjölmennastar í hápi fátækra. Þetta er órékasti vitnisburðurinn um að velferðarrikið hefur brugðist konum.

Enn eru konur ekki nema hálfdrættingar á við karla í launum. Það er grundvallarkrafa kvenna að þær geti lifað af launum sínum og þeim sé gert kleift að vera efnahagslega sjálfstæðir einstaklingar. Eigi það að ná fram að ganga verður að leggja megináhersu á verulega hækkun grunnlæuna. Það er ærinn kaupmáttur í íslensku samfélagi en honum er mjög misskipt. Þessi misskipting leiðir annars vegar til erfiðrar afkomu, sem nefur alvarlegar afleiðingar fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga og hins vegar til neysluseðis og sóunar sem skaðar umhverfi okkar og lífriki.

Þessari þróun verður að snúa við.

Konur búa yfir verðmæstri reynslu og þekkingu sem hingað til hefur ekki átt greiða leið að stjórnun og stefnumótun. Án þessarar reynslu getur þjóðfélagið ekki lengur verið, hana verður nú að nýta.

Konur stöndum saman, látum að okkur kveða, barátta kvenna skilar árangri.